

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Brynjari Nielssyni um kostnað ráðuneytisins við skrifleg svör við fyrirspurnum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir starfsmenn ráðuneytisins koma að því að undirbúa skrifleg svör við fyrirspurnum þingmanna og hver er áætlaður heildar fjöldi vinnustunda sem í það hefur farið árlega síðastliðin fimm ár?*
2. *Hver er heildarkostnaður ráðuneytisins við skrifleg svör við fyrirspurnum frá þingflokki Pírata á yfirstandandi löggjafarþingi og hversu margar vinnustundir starfsmanna hafa farið í að svara þeim?*
3. *Hvað eru fyrirspurnir til skriflegs svars frá hverjum þingmanni í þingflokki Pírata hátt hlutfall slíkra fyrirspurna til ráðherra?*

Ýmsir sérfræðingar ráðuneytisins koma að því að undirbúa svör við þingfyrirspurnum. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um fjölda vinnustunda sérfræðinga við þessa vinnu, en svör við fyrirspurnum krefjast mismikillar vinnu, allt eftir eðli fyrirspurna. Þannig hefur heildartími við vinnu að svörum við einstökum fyrirspurnum verið mismikill, allt frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra daga. Því til viðbótar fer jafnan nokkur tími í skráningu og skipulagningu málanna auk rýni og yfirlesturs.

Á yfirstandandi þingi hafa fram til þessa borist sautján fyrirspurnir frá þingflokki Pírata til fjármála- og efnahagsráðherra. Fyrirspurnirnar voru misumfangsmiklar en þrettán þeirra kröfðust aðeins einfaldrar upplýsingaöflunar. Aðrar fyrirspurnir kröfðust mun meiri tíma, m.a. vegna upplýsingaöflunar frá utanaðkomandi aðilum. Er það lauslegt mat ráðuneytisins að vinna við svör við fyrirspurnum þingflokks Pírata á yfirstandandi þingi samsvari um tveggja vikna vinnu sérfræðings í ráðuneytinu en þá er ekki með talinn tími og kostnaður stofnana ráðuneytisins við upplýsingaöflun.

Á 145. til 150. þingi á árunum 2015–2020 bárust fjármála- og efnahagsráðuneytinu samtals 325 þingfyrirspurnir til skriflegs svars. Hlutfall fyrirspurna frá þingflokki Pírata var um 22% af heildarfyrirspurnum á tímabilinu. Í tveimur töflum hér á eftir má sjá annars vegar fjölda fyrirspurna eftir þingflokki á tímabilinu 2015–2020 og hins vegar hvernig fyrirspurnir frá þingflokki Pírata deilast á milli þingmanna flokksins á tímabilinu.

Tafla 1 – Fjöldi fyrirspurna eftir þingflokkum

Löggjafarþing nr.	150	149	148	147	146	145	Samtals fjöldi
	2019-20	2018-19	2017-18	2017	2016-17	2015-16	
Flokkur fólksins		3	13				16
Framsóknarflokkur	6	6	10	1	10	14	47
Miðflokkur	20	19	2				41
Píratar	17	18	17	4	13	1	70
Samfylkingin	7	8	5	1	6	19	46
Sjálfstæðis flokkur	5	5	6		5	8	29
Utan þingflokka	3						3
Viðreisn	7	9	5				21
Vinstri-hreyfing grænt framboð	6	5	1	2	17	19	50
Björt framtíð						2	2
Samtals	71	73	59	8	51	63	325
Hlutfall Pírata af heild	24%	25%	29%	50%	25%	2%	22%

Tafla 2 – Fjöldi fyrirspurna frá þingmönnum Pírata

Löggjafarþing nr.	145	146	147	148	149	150	Hlutfall	
	2015-15	2016-17	2017	2017-18	2018-19	2019-20	Samtals	af heild
Álfheiður Eymarsdóttir				1	1		2	0,6%
Ásta Guðrún Helgadóttir		1					1	0,3%
Þirgíta Jónsdóttir	1						1	0,3%
Þjörn Leví Gunnarsson		6	1	13	13	16	49	15,1%
Einar Brynjólfsson		1	1				2	0,6%
Eva Pandora Baldursdóttir			1				1	0,3%
Helgi Hrafn Gunnarsson				3			3	0,9%
Jón Þór Ólafsson		4				1	5	1,5%
Olga Margrét Cilia					1		1	0,3%
Smári McCarthy		1			3		4	1,2%
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir			1				1	0,3%
Samtals	1	13	4	17	18	17	70	21,5%